



Umhverfisstefna Leikholts

Leikskólinn Leikholt er umhverfisvænn og er ætíð stefnt að því að sýna umhverfinu fyllstu nærgætni og virðingu. Við erum „Skóli á grænni grein“ og fengum við Grænfánann afhentan 22. apríl 2015.

Markmið:

- Að auka virðingu barna gagnvart náttúru og umhverfi.
- Að stuðla að breyttu viðhorfi í samfélaginu.
- Að flokka og endurnýta og minnka þannig magn þess sorps sem frá okkur fer.
- Að fara sparlega með orku og vatn.
- Að nota umhverfisvænar vörur:
- Að auka skilning barna á hringrásum í náttúrunni.

Leiðir:

- Börnin eru frædd um náttúru, áttaha og umhverfi og þær leiðir sem hægt er að fara til þess að varðveita og vernda landið okkar.
- Með því að fræða foreldra og börn um umhverfisvernd er verið að reyna að fá sem flesta til liðs við okkur við að vernda umhverfið.
- Pappír, plast og ál er flokkað og sent í endurvinnslu. Spilliefni eru flokkuð í spilliefnadall og skilað til eyðingar. Matarafgangar eru nýttir sem fóður fyrir hænur.
- Farið er sparlega með rafmagn t.d. með því að slökkva ljós í ónotuðum stofum og passa að engin raftæki séu í gangi að óþörfu.
- Verslað er inn með það í huga að sem flestar vörur séu umhverfisvænar.
- Ýmsar leiðir er hægt að fara til þess að auka skilning barna á hringrásum í náttúrunni t.d.:
 - Með því að gera gera tilraunir
 - Með því að leita að upplýsingum á netinu og í fræðibókum.
 - Með því að fara í könnunarleiðangra í náttúrunni o.f.l.

Með því að setja börnum gott fordæmi og leyfa þeim að taka þátt í umhverfisverndarstarfinu er verið að kenna þeim umhverfisvæna lífshætti.